

## Stjórnarfundur 8.mars 2012 í Digranesi

Mættir: Anna María, Brynhildur, Gunnar Þór, Selma, Sigurður og Sólveig

Dagskrá:

### 1. Fundur settur 19:40

#### 2. Samantekt fulltrúaráðsfundar

Fundurinn tókst vel. Tímaáætlun stóðst þó ekki alveg því að lengri tími en áætlað var fór í kynningu á foreldrasamningnum á yngra stigi. Fæstir bekkjarfulltrúar þar þekkja þennan samning. Stjórn ákvað að stefna á að halda aftur kynningu í haust. Reyna að hafa hana mjög tímanlega á skólaárinu. Þeir bekkjarfulltrúar sem vilji aðstoð við að kynna samningana í bekkjum hjá sér geti leitað til stjórnar eftir aðstoð.

Vinafjölskylduverkefnið: Mikill áhugi var fyrir þessu verkefni og einhverjir lýstu áhuga á að vera vinafjölskylda en enginn gaf kost á sér til að sjá um verkefnið.

Þær sem kynntu verkefnið eru tilbúnar að koma á fund með stjórn foreldrafélagsins og skólastjórnendum og veita stuðning við að koma því á í skólanum. Stjórnin stefnir á að fara á fund sem verður haldinn með fulltrúum frá þeim skólum sem hafa tekið upp vinafjölskylduverkefnið. Fá Guðna til að skrifa grein í fréttablaðið um verkefnið.

#### 3. Nefndastörf

Gunnar ætlar að tala við Guðna um hvernig fréttabréfið gangi.

Öryggisnefnd: umræða hafði orðið um hvort ætti að stuðla að því að skólinn byrji ekki fyrr en kl 8:30.

Öryggisnefnd afgreiði erindið og sendi til skólaráðs og skólastjórnar.

Sigurður ræddi girðingar kringum skólann á fundi hjá Samkóp, þeir bentu á að tala við áhaldahús bæjarins til að fá þær lagaðar. Hann ætlar að hafa samband við formann öryggisnefndar skólans um næstu skref í málinu.

#### 4. Viðburðir framundan

Ákveðið að framvegis verði hver viðburðarnefnd boðuð á síðasta stjórnarfund fyrir viðburðinn.

- Páskabingó: búið að senda tilkynningu til nefndarinnar varðandi undirbúning.
- Árshátíðir: Þær eru skv. skóladagatali síðustu dagana fyrir páskafri. Anna María ætlar að tala við Margréti forstöðumann Pegasus um aðkomu foreldrafélagsins að árshátíðunum.
- Vorhátíð: stefna á að hafa skipulagða dagskrá og auglýsa hana þannig að fólk viti hvenær það geti gengið að hverju atriði. Fá vorhátíðarnefndina á næsta stjórnarfund sem verður í apríl en hafa samband við hana strax um að byrja undirbúning fljótlega. Athuga með að foreldrafélagið kaupi einhver leiktæki sem hægt er að nota aftur. Reyna að hafa meiri fjölbreytni varðandi afþreyingu á vorhátíðinni.

#### 5. Önnur mál

- Sigggi ætlar að skrifa bréf til að setja í fréttabréfið varðandi umferðina kringum skólana.
- Stefna á að hafa stjórnarfund ekki lengur en 2 klst.
- Anna María ætlar að hafa samband við Karen Jenný til að athuga hvernig málin standa varðandi símaskrána.

Fundi slitið kl: 21:20

Sólveig B. Hlöðvesdóttir, ritari